

Nikký

og skuggaþjófurinn



Efnisyfirlit

1. kafli – Hvarf skuggans.....	7
2. kafli – Hundblaut	11
3. kafli – Óvenjulegt aðdráttarafl.....	20
4. kafli – Sirkusinn	28
5. kafli – Forsýningin	37
6. kafli – Fórn skógarins	47
7. kafli – Af hverju?.....	51
8. kafli – Hátt fall	56
9. kafli – Kristalskúlan hverfur	66
10. kafli – Brekkuflug	71
11. kafli – Í hellinum.....	79
12. kafli – Rayno í vanda staddur	86
13. kafli – Kall skuggatrésins	90

14. kafli – Sirkusæfingin	94
15. kafli – Skrímslið í þokunni	102
16. kafli – Ráðgátan um Lýsing	110
17. kafli – Ólgusjór.....	117
18. kafli – Fyrirboði.....	124
19. kafli – Fangar.....	129
20. kafli – Skilaboð til skuggatrésins.....	136
21. kafli – Leyst frá skjóðunni	142
22. kafli – Fangi skuggatrésins.....	147
23. kafli – Lagarfljótsormurinn kemur	153
24. kafli – Loforð ormsins.....	157
25. kafli – Skuggatréð	164
26. kafli – Í hálfum hljóðum	169
27. kafli – Margt býr í silfurþokunni	174
28. kafli – Meistarinn býr innra með þér!.....	184

1. kafli – Hvarf skuggans

Sirkustjaldið var fullt af áhorfendum og eftirvæntingin úr andlitunum barst til Nikkýjar eins og öldur sem skvettust yfir hana í sífellu. Sæluhrollur streymdi niður bakið – þau voru öll að bíða eftir henni. Hún andaði djúpt og rétti úr sér áður en hún gekk inn á hringsviðið. Himinblár kjóllinn vafðist um hana eins og verndari. Blái liturinn var aðallitur sirkussins sem hún elskaði svo heitt, Sirkus Alba. Í vinstri hendinni hélt hún á fjöðrunum sjö og þegar hún sneri sér hægt í hring og veifaði til áhorfenda var glampi í grænum augunum sem hafði aldrei verið þar áður. Í óteljandi skipti hafði hana dreymt þetta augnablik. Mandana amma og Julio frændi horfðu með eftirvæntingu á hana og blóðið í æðum hennar mettaðist af stolti þegar lófaklapp áhorfenda fyllti sirkustjaldið. Út undan sér fylgdist Nikký með spegilmynd sinni í stórum skrautspegli. Núna var hún drottning sirkussins. Ljósastarinn lýsti á hana og kastaði skugga hennar á gólfið. Eins og afbrigði af henni sjálfri frá öðrum heimi dansaði skugginn með henni. Dulúðug tónlistin streymdi í áttina til hennar og undrandi fann hún að líkami hennar kunni þetta allt saman. Það eina sem hún þurfti að gera var að fylgja honum. Allar fjaðrirnar voru komnar á loft. Ljosið blindaði hana eitt andartak en dofnaði svo aftur! Andardrátturinn þyngdist, *eittbvað er að! Hvað er að gerast?* hugsaði hún.

Áhorfendur töluðu æstir hverjir við aðra. Það barst kliður til hennar frá þeim, hvað var að gerast? Enginn virtist vera að horfa á hana. En atriðið var fullkomið ... Nikký fann líkamann stirðna, skuggamynd hennar var horfin af gólfinu, þrátt fyrir ljóskastarana sem lýstu beint á hana. Hún sneri sér að speglinum og starði í hann. Hjartað hamaðist, hræðslan renndi sér niður bakið. Hvar var hún? Óttaslegin horfði hún í spegilinn. Engin spegilmynd! Enginn skuggi! Hún leit niður eftir líkamanum, niður á fæturna og upp fyrir sig á hendurnar. Allt var á sínum stað ... nema fjaðrirnar! Þær voru horfnar en samt hreyfðust hendurnar eins og þær léku enn með þær.

– Fjaðrirnar ... hvar eru þær? æpti Nikký.

Svo hljóp hún að speglinum. Ekkert ... spegilmynd hennar var horfin. Hún byrjaði að kalla og veifa til áhorfenda, til Mandönu og til Julio en enginn virtist sjá hana.

– Nei, nei! öskraði hún og tárin streymdu niður kinnarnar.

– Ég er hérna, ég er hérna, af hverju sjáið þið mig ekki? Hún horfði niður eftir líkamanum og hræðslan heltók hana þegar hún fylgdist með því hvernig líkaminn hvarf smám saman. Augun voru galopin og hún þurfti stöðugt að kyngja; henni leið eins og hún væri að hverfa fyrir fullt og allt. Eins og hún væri að breytast í lítið korn í alheiminum sem enginn myndi nokkurn tímann finna. Það eina sem var eftir af henni var samanþjöppuð hræðsla inni í henni miðri. Hún var ekkert lengur nema korn sem var svo lítið að það

myndaði engan skugga. Öskrið inni í henni heyrði enginn, hún fann að kjarninn var að hverfa. Hræðslan umlukti hana eins og vatnselgur sem vildi ekki sleppa henni.

Hvaða væl er þetta? hugsaði hún með sér. *Hver var þetta?* Það var mikið átak að opna augun, hún hágrét og þreifaði í ofboði á líkama sínum. Tárin streymdu niður kinnarnar um leið og hún fann hvað hún var fegin, svo óendanlega fegin. Hana hafði verið að dreyma. Hún áttaði sig loks á vælinu – þetta hafði verið Solla, vinalega Border Collie tíkin hennar sem vældi og ýtti snoppunni stöðugt í hana og sleikti af henni tárin þar sem hún lá í grösugri brekkunni fyrir ofan bæinn. Hún hafði sofnað í sólinni. Nikký titraði og tók Sollu í fangið sem dillaði skottinu og vældi. Nikký hvíslaði með grátstafinn í kverkunum:

– Þetta var hræðilegt, Solla, ég var horfin.

Hún gróf hendurnar djúpt í feldinn á hundinum sínum og reyndi að losna við óhugnaðinn úr draumnum sem vildi ekki sleppa henni. Solla sleikti á henni kinnina. Nikký dró djúpt andann, mundi allt í einu hvar hún var og stökk glöð á fætur. *Ó, amma! Ég get ekki beðið eftir að hitta þig,* hugsaði Nikký með sér og leit út á spegilsléttan fjörðinn þar sem ferjan stímdi beint í átt að höfninni. Sjávarloftið og útsýnið hjálpaði henni að finna sig aftur. *Þarna var ferjan!*

Nikký kallaði á Sollu og gekk hægt niður fjallið í átt að bryggjunni. Hún stakk höndunum annars hugar í vasana á flíspeysunni. Það var ekki nema 10 stiga hiti þótt það væri kominn júlí og golan sem barst frá sjónum var köld. Fingurnir

flæktust í bréfi sem sat djúpt í vasanum. *Bréfið*. Hún gat ekki beðið eftir að spyrja Mandönu ömmu út í efni þessa bréfs. Hún hafði haldið að hún væri farin að skilja ömmu sína eftir síðasta sumar í Sviss sem hafði verið svolítið ... tja ... svolítið svakalegt! Baráttan við svartagaldurinn sem illmennið Nolan hafði lagt á sirkusinn og hvernig hún sjálf veiktist og missti hæfileikann til að tala við trén en fékk hann svo aftur. Hvernig þeim Mandönu ömmu hafði tekist með góðri hjálp að bjarga sirkusnum. Henni hlýnaði um hjartarætur þegar hún hugsaði til Lúkasar, tröllvaxna galdrabanans, sem bjargaði henni úr kviksyndinu og hjálpaði þeim að fanga illmennið Nolan og koma honum á bak við lás og slá. Þrátt fyrir allt sem hún hafði upplifað í sirkusnum síðasta sumar þarfnadist þetta bréf svo sannarlega útskýringa. Hún fékk hjartslátt þegar hún hugsaði til þess að Mandana amma hafði þverneitað að útskýra neitt í gegnum símann. Það boðaði venjulega ekkert gott þegar amma hennar talaði í gátum. Eina sem hún hafði sagt var:

– Best að við fáum okkur kaffi saman.

Nikký hló með sjálfri sér. Hún hafði svarað því mjög skýrt: Ég drekk ekki kaffi.

– Það skiptir engu máli, sagði amma hennar, við þurfum að sitja saman í næði svo ég geti útskýrt þetta fyrir þér. Það er líka best að hafa Rayno viðstaddan, annars muntu aldrei skilja þetta.

Skilja hvað? Nikký kreisti bréfið og gekk alveg fram á bryggjuna. Henni leið eins og ferjan kæmi fyrir í land ef hún stæði alveg úti á ystu nöf.

2. kafli – Hundblaut

Nikký lyfti sér stöðugt upp á tærnar á bryggjunni, það var eins og hún héldi að hún sæi lengra út á fjörðinn þannig. Hún gat ekki beðið eftir að hitta ömmu, Rayno, Igor og alla hina sem höfðu fengið að koma með í Íslandsferð Sirkuss Alba. Hún stökk yfir kaðal sem var spenntur þvert yfir bryggjuna. Líklega var ekki ætlast til að fótgangandi færu lengra en spenningurinn var bara of mikill. Hún varð að komast nær og sjá aðeins betur. Hún pírdi augun. Það fór ekki á milli mála að þetta var Mandana amma. Solla stökk yfir kaðalinn á eftir henni og galti glaðlega. Nikký hljóp alveg fram á bryggjuna og fór að skellihlæja.

– Mandana, þú ert engri lík! hrópaði Nikký upp í vindinn.

Það sem hún sá var engin venjuleg íslensk amma. Nikký skellti upp úr, hláturinn veltist upp úr henni og hún greip um magann, tárin byrjuðu að renna úr augunum, hún hló svo mikið. Hvernig átti hún að útskýra Mandönu ömmu fyrir vinum sínum og ættingjum? Hún dró djúpt andann og jafnaði sig á hlátrinum. Hendurnar leituðu ósjálfrátt upp og hún byrjaði að hoppa eins og Mandana amma myndi sjá hana betur. Í stafni ferjunnar stóð amma hennar með hendurnar sperrtar út til hliðanna – eins og hún væri að reyna að faðma vindinn. Síður, hvítur og fjólublár kjóllinn blakti í vindinum. Hópur af fólki stóð á þilfarinu og starði á ömmu hennar.



Nikký stökk upp á dekk sem var bundið við bryggjuna og hugsaði með sér: *Mér verður að vera sama hvað öðrum finnst um ömmu.* Hún breiddi út faðminn á móti vindinum og á móti ömmu sinni sem var á leið til hennar og æpti hástöfum:

– Mandana amma! Velkomin til Íslands! Á sama augnabliki rann hún til á sleipu dekkinu, hún fálmaði í kringum sig en það var ekkert til að grípa í ... hjálp!

Nikký sá dökkan, kaldan sjóinn í höfninni koma æðandi á móti sér, kulddinn læsti klónum í hana þannig að höfuðið dofnaði. Hún barðist um af öllu afli og henni fannst heil eilífð líða þar til hún skaust upp úr ísköldum sjónum. Nikký kom ekki upp hljóði og á næsta andartaki féll eitthvað í sjóinn beint við hliðina á henni.

– Nei, nei! Solla ... ekki!

Solla hafði stokkið á eftir Nikký og synti nú vælandi til hennar. Nikký synti skjálfandi að háum kantinum á bryggjunni. Hvergi var hægt að komast upp, hún náði ekki taki á neinu. Oh, henni var kalt, svo ískalt. Þá var kallað fyrir ofan hana:

– Hérna, taktu í kaðalinn og haltu þér fast.

Fingurnir voru dofnir af kulda en hún náði að grípa í kaðalendann.

– Varaðu þig! kallaði röddin aftur. Björgunarhringur lenti rétt við hlið hennar.

– Fljót, smeygðu honum yfir þig.

Nikký var snögg að koma sér í björgunarhringinn. Nú sá hún stiga nokkra metra í burtu. Skjálfandi synti hún að stiganum, greip í handföngin, losaði sig úr björgunarhringnum og klifraði upp stigann. Sterkleg hönd greip í hennar um leið og hún nálgæðist bakkann. Dimmblá augu mættu hennar; þetta var strákur á aldur við hana með dökkt, úfið hár og breitt bros og hann vafði jakkanum sínum utan um hana.

– Veit ekki hvort sjósund sé góð hugmynd! Ertu að sunnan?

Nikký skalf en hvæsti á milli glamrandi tannanna:

– Já, og hvað með það?

Strákurinn með fallegu bláu augun og breiða brosið svaraði:

– Ég vissi það, það tekst nú engum nema Sunnlendingi að detta í höfnina á svona degi, bætti hann við og fór að skellihlæja.

Solla synti vælandi í sjónum.

– Mér sýnist hundinn þinn vanta hjálp. Hann gerði sig líklegan til að klifra niður og sækja Sollu. Nikký henti í hann jakkanum þótt henni væri ískalt og svaraði:

– Slepptu því, ég sæki hundinn minn sjálf. Nikký leit grimmilega á strákinn og bætti við:

– Solla er reyndar ættuð héðan, en hún er greinilega bæði kurteisari og skemmtilegri en þú.

Strákurinn fór að skellihlæja og fylgdist með henni klifra niður og bleyta sig aftur til að ná Sollu upp. *Úff, hún*

er þung, hugsaði Nikký og rogaðist upp björgunarstigann með hana. Stríðnisglampinn í augum stráksins þegar hann teygði sig og tók á móti Sollu var eins og olía á eldinn, Nikký varð samt að þiggja hjálp hans því hún var alveg að missa Sollu. Tíkin barðist um og ýlfraði þegar henni var snarað upp á bryggjuna. Nikký skalf þegar hún afpakkaði höndina sem strákurinn rétti henni. *Hvar er mamma?* hugsaði hún með sér og þreifaði ópolinmóð eftir símanum. Hún dró hann rennandi blautan hægt upp úr vasanum. Hann sýndi engin merki þess að vera í lagi. Strákurinn kastaði til hárinu um leið og hann sagði ákveðinn:

– Þú verður að skipta um föt, annars veikist þú bara. Hann rétti fram höndina.

– Ég heiti Egill, gleður mig að kynnast þér. Nikký starði á strákinn yfir sig hneyksluð og þreif síðan í útrétta höndina.

– Nikký, svaraði hún stuttaralega. Hún yrði víst að fá lánaðan símann hjá honum. Hún kreisti fram bros og andaði sjávarloftinu að sér. Hún ætlaði að einbeita sér að því sem var henni mikilvægast núna. Framundan var heill mánuður af sumarfrí og sýningum með Mandönu ömmu og sirkusnum. Hún mátti alls ekki vera að því að verða veik.

Mamma hennar var fljót að svara. Hún afsakaði sig, sagði að bíllinn hefði bilað og að hún yrði því miður ekki komin fyrr en daginn eftir. Nikký fann að hún var komin með undarlegan hjartslátt og bláar varir af kulda. Hún var pirruð út í strákinn sem brosti öruggur með sig og blikkaði hana eins og hann ætti bryggjuna. Það var ekki um neitt

annað að ræða en að þiggja aðstoð frá honum.

– Ég væri alveg til í að fá að skipta um föt, Egill.

Það var stríðnisglampi í augunum þegar hann svaraði:

– Ég skal lána þér þurr föt. Sérðu trilluna þarna? Kolli frændi minn á hana, þú getur skipt þar.

Egill fylgdi henni að trillunni, stökk niður á þilfarið og veifaði henni að koma á eftir sér. Það var hlýtt og notalegt inni í bátshúsinu, hún muldraði þakkir til Egils um leið og hún tók við handklæði, gallabuxum og bláköflóttri bómullarskyrtu. Egill yppti öxlum og glotti.

Nikký andvarpaði þegar hún bretti upp gallabuxurnar, setti blautt beltið í víðar buxurnar og herti að. Þegar hún gekk út úr káetunni kreppti hún hnefana um leið og hún reyndi að brosa í þakklætisskyni til Egils. Hún hafði ekki ætlað að vera svona klædd að taka á móti ömmu sinni og sirkusnum. Egill brosti til hennar og það var einhver glampi í augunum, sem voru djúpblá og innrömmuð í svört, löng augnahár. Hann klappaði henni kumpánlega á öxlina.

– Hresstu þig við, þú ert glæsileg.

Nú heyrðist hávær skipsflauta.

– Ferjan er að leggja að! sagði Nikký og stökk upp úr trillunni.

Amma hennar var hvergi sjáanleg, hún hlaut að vera komin niður í bílalestina til að koma sirkusnum út. Hópur

af tollvörðum var mættur á bryggjuna, þetta tæki örugglega sinn tíma. Eftir nokkra bið voru allir bílarnir komnir út nema sirkusinn. Gleðin hríslaðist um Nikký þegar hún sá fyrsta trukkinn birtast. Hún fór að skellihlæja þegar hún sá Mandönu ömmu sitja við stýrið á Unimog-fjallabílnum sem var næstum óþekktanlegur. Litir sirkussins skreyttu hann og á öllum hliðum stóð stórum stöfum „Sirkus Alba Islandtour“. Trukkurinn var blár og hvítur með gylltum röndum og málaður eins og sirkustjald. Nikký greip fyrir munninn þegar hún sá þrjú máluð andlit á dyrum tjaldsins, umkringd hvítum fjöðrum á bláum grunni. Eitt af þessum andlitum var hennar eigið! Hún hrökk í kút þegar Egill kallaði til hennar:

–Vá, þetta ert þú!

Nikký hikaði. Eitt augnablik ætlaði hún að fara að skammast sín, skrítið ... í Zürich hafði hún bara verið stolt af sirkusnum. Svo rétti hún úr sér, leit beint í augun á Agli og sagði:

–Já, þetta er sirkusinn minn ... eða ég meina sirkusinn hennar ömmu.

Amma hennar sveigði inn á bílastæðið á bryggjunni, stöðvaði jeppann og þeytti upp hurðinni. Nikký heyrði hana kalla á sig, mikið var hún búin að bíða lengi eftir þessu andartaki. Nikký tók á sprett og var undir eins komin í faðm ömmu sinnar. Hún andaði að sér ilminum af krydduðum blómum og fann djúpa hlýjuna sem fylgdi Mandönu ömmu umlykja sig. Hvít birta fyllti lófann á henni. Það var bara

ein manneskja sem gat framkallað þetta. Nikký kastaði sér niður á hnén og faðmaði Rayno sem hafði laumað hönd sinni inn í hennar. Hún faðmaði drenginn að sér, þennan sjö ára einstaka dreng sem hafði bjargað lífi hennar oftar en einu sinni síðasta sumar. Nikký var honum ævarandi þakklát fyrir lífsbjörgina. Atburðurinn í skóginum í Sviss birtist henni ljóslifandi, hvernig litli svarthærði drengurinn sem hafði fylgt henni hvert fótímál síðasta sumar í sirkusnum hafði snúist gegn systur sinni til að bjarga Nikký. Og hvernig ljósið og krafturinn frá honum hafði hjálpað henni að endurheimta hæfileikann til að tala við trén. Það var eins og hjartað í henni stækkaði þegar hann var nálægt, henni þótti svo innilega vænt um hann.

En eitthvað var ekki eins og það átti að vera. Hún leit strax á ömmu Mandönu og aftur á Rayno. Hann var breyttur ... eitthvað var öðruvísi, en hún áttaði sig ekki á því hvað það var.

– Ekki spyrja hann, ég útskýri fyrir þér seinna hvað er að Rayno, hvíslaði amma hennar að henni.

Nikký klappaði litla vini sínum á kollinn og brosti til hans. Nú var Igor loftfímleikapjálafari mættur. Honum átti Nikký mikið að þakka. Mest langaði hana til að faðma hann en rétti honum þess í stað formlega höndina.

– Velkominn til Íslands, Igor.

Hann var vel klæddur, í útivistarfötum og vindúlpu og með hvíta kollhúfu með merki Sirkuss Alba. Fjaðrandi göngulagið og hvernig hann stóð teinréttur á bryggjunni sýndi að þarna var sannur íþróttamaður á ferð.

Auk Unimogsins voru tveir átta hjóla trukkar með í för því að allt sem þurfti til að geta sett upp frambærilega sirkussýningu hafði verið tekið með. Nikký horfði yfir hópinn og fannst allt í einu ekkert vanta.

Hún tók í höndina á Agli og þakkaði honum fyrir lánið á fötunum. Hún var komin í þægilegan æfingagalla sem amma hennar hafði fært henni.

– Sé ég þig seinna, Egill? Kemurðu á sýninguna á Egilsstöðum?

Furðuleg tilfinning í hnjánum truflaði Nikký þegar hún horfði á fallett brosið sem fylgdi svarinu.

– Já, við sjáumst, ég verð aðallega á Egilsstöðum í sumar en líka eitthvað á ferðalagi. Ég fékk skemmtilega sumarvinnu, bætti Egill við og brosti eins og hann byggði yfir einhverju leyndarmáli. Nikký brosti og svaraði:

– Þú veist hvar þú finnur mig.

Hún benti á skreyttu trukkana með merki Sirkus Alba. Brosandi út að eyrum svaraði Egill:

– Við eigum eftir að hittast, Nikký.